Alþingi
Erindi nr. Þ 112 / 1122
komudagur 18 / 05 1990

BORGARSPÍTALINN

Reykjavík, 15.05.90.

Heilbrigðis- og tryggingnefnd
Neðri deildar Alþingis,
hr. Jón Sæmundur Sigurjónsson, form.

Umsögn Stjórnar sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar um frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59, 1. júní 1983 með síðari breytingum 112. löggjafarþing - Mál nr. 501.

Samkvæmt tillögu flutningsmanna á að ráða sérstakan trúnaðarmann sjúklinga og aðstandenda er "skal vera talsmaður sjúklinga og aðstandenda þeirra gagnvart sjúkrahúsum og heilbrigðisyfirvöldum, afla upplýsinga fyrir þá og greiða úr spurningum. Trúnaðarmaður skal efla samvinnu milli starfsfólks heilbrigðisstétta, sjúklinga og aðstandenda þeirra".

Ástæða er til að fagna allri umræðu er varðar öryggi og aukna velferð sjúklinga og vandamanna þeirra.

Stjórnin telur þó að sú hugmynd, er kemur fram í ofangreindu frv. sé bæði óframkvæmanleg og óæskileg.

1) Hætt er við að slíkur "trúnaðarmaður" veki tortryggni starfsfólks. Starfsfólkið hefur það hlutverk að byggja upp traust sjúklings og sjúklingurinn á allt sitt undir gagnkvæmum trúnaði.

2) Ef talin er ástæða til að hafa sérstakan "trúnaðarmann" má búast við, að það eitt veki tortryggni sjúklingsins og trufli eðlilegt trúnaðarsamband hans (og aðstandenda) við lækni og annað starfsfólk sjúkrahússins.

3) Misskilnings virðist gæta hjá flutningsmönnum á störfum sjúkrahúspresta, en höfuðverksvið þeirra eru sálgæslu- og trúnaðarstörf fyrir sjúklinga ásamt því að vera tengiliður við lækna og hjúkrunarfólk.

Heimilisfang: Fossvogur 108 Reykjavík Sími: 696600 Kennitala: 480169-3529 Fax: 1-696363 Telex: 3060 BSP is

4) Miklar umræður og breytingar hafa átt sér stað er varða umönnun sjúklingsins. Í auknum mæli er leitast við að mæta margvíslegum þörfum hans, jafnt líkamlegum, sem félagslegum og andlegum. Í læknismeðferðinni og hjúkruninni er þess gætt að hann njóti fyllstu tillitssemi og virðingar. Erfitt er að veita alhliða umönnun, nema um sé að ræða mikla samhæfingu starfsfólks og gott samstarf og trúnaðarsamband við sjúklinginn og aðstandendur hans. Sérstakur "trúnaðarmaður" gæti raskað eðlilegum framgangi þessa.

Þessu til áréttingar skal bent á að mestu varðar trúnaðarsamband læknis og sjúklings. Annað starf sjúkrahússins byggir á því. Þess vegna er áríðandi að allt sé gert til að styrkja tengsl læknis og sjúklings og tryggja þannig öryggi sjúklingsins og velferð.

Með vísan til framanritaðs mælir stjórnin gegn samþykkt frumvarps þessa.

F.h. Stjórnar sjúkrastofnana
Reykjavíkurborgar.

Jóhannes Pálmason,
framkv.stj.